HAFNARFJÖRÐUR

FUNDA- OG NÁMSKEIÐAHANDBÓK LEIKSKÓLA HAFNARFJARÐAR

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
haust 2013

Umsjón, ábyrgð og umbrot:
Sigurborg Kristjánsdóttir, þróunarfulltrúi leikskóla
bogga@hafnarfjordur.is

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Linnetsstíg 3. og 4. hæð
220 Hafnarfirði.
Sími 585 5800.
Netfang skolaskr@hafnarfjordur.is.

Opin mánudaga til föstudaga kl. 8-16.

EFNISYFIRLIT FUNDA OG NÁMSKEIÐA Á VORÖNN 2013

Bls

Nokkur atriði um námskeiðin og þátttöku í þeim, fundarsetu o.fl. 4

K-PALS – pör að læra saman 6

Sameiginlegur skipulagsdagur leikskóla Hafnarfjarðar 7

Slysavarnir og skyndihjálp leikskólabarna 8

Útikennsla – Kraganámskeið 9

Hvernig er málörvunarefnið sem til er í leikskólunum notað á árangursríkan hátt? 10

Starfsþróun og faglegt sjálfstraust leikskólakennara 11

Náttúruhreyfing - Kraganámskeið 12

Sérkennsla - Kraganámskeið 13

Læsishvetjandi umhverfi 13

Þróunarstarf um stjörnufræði í leikskóla Kraganámskeið 14

Málörvandi leikir og spil- Kraganámskeið 15

PMT- fræðsla fyrir SMT leikskóla 15

Persónumöppur „Mín leið“ - Kraganámskeið 16

Fundir forstöðumanna eldhúsa 16

Leikskólastjórafundir 17

Aðstoðarleikskólastjórafundir 17

Sérkennslustjórafundir 17

Nokkur atriði um námskeiðin og þátttöku í þeim, fundarsetu o.fl.

Áframhaldandi samstarf um námskeiðahald verður með sveitarfélögum Kragans skólaárið 2013-2014. Meginmarkmið samstarfsins er eins og áður að viðhalda fjölbreytileika námskeiðstilboða, fá betri nýtingu á fræðsluefni og minnka heildarkostnað þeirra. Flestir fyrirlestrarnir eru ætlaðir öllu starfsfólki en tekið er fram ef þeir eru ætlaðir ákveðnum starfshópum. Fyrirlestrunum er ætlað að gefa starfsfólkinu nýjar hugmyndir að starfs- og kennsluaðferðum sem og að gefa hugmyndir um hvað má gera betur.

Reglur menntanefndar Kragans varðandi námskeiðin eru að:

- auglýsa beri námskeiðin með sjö daga fyrirvara,
- skráningu skal lokið eigi síðar en tveimur dögum fyrir námskeiðið,
- þátttakendum ber að tilkynna forföll til ábyrgðarmanns námskeiðsins en hann er ávallt tilgreindur í auglýsingu,
- lágmarksþátttaka er tíu manns, að öðrum kosti fellur námskeiðið niður,
- **falli námskeið niður er skráðum þátttakendum tilkynnt það.**

Fimmtán fyrirlestrar og eða námskeið verða í boði á haustönn þar af eru sjö í samstarfi við Kragann. Ákveðið var í samráði við sérkennslustjóra, sem sátu námskeiðið „*Hvernig er málörvunarefnið sem til er í leikskólunum notað á árangursríkan hátt*“, á síðasta ári, að endurtaka námskeiðið þar sem þeir töldu efnið ætti erindi við allt starfsfólk leikskólans. Í ár er markhópurinn þó stjórnendur sem ekki hafa sótt námskeiðið. Annað námskeið sem eingöngu er ætlað stjórnendum er PALS- - pör að læra saman sem er kennsluaðferð og þjálfunarkerfi þar sem börn kynnast stöfum og hljóðum og er undanfari formlegs lestrarnáms. Námskeiðið veitir réttindi til að nota K-PALS og því fylgir handbók en **Ekki er hægt að kaupa handbókina né nota kennsluefnið nema viðkomandi sé búinn að fara á námskeiðið**.
Níu fyrirlestrar í bæklingnum eru ætlaðir öllu starfsfólki. Tveir sniðnir að stjórnendum (leikskóla-, aðstoðarleikskóla-, sérkennslu-og deildarstjórum), eitt námskeið er eingöngu ætlaður nýju starfsfólki í leikskólum og annað ætlað sérstaklega nýju starfsfólki í SMT-leikskólum. Að lokum er fræðslufyrirlestur sérmerktur leikskólakennurum þar sem sjónum er beint að því hvaða þættir það eru sem vekur starfsánægju þeirra.

VAKIN ER SÉRSTÖK ATHYGLI Á ÞVI AÐ ALLAR DAGSETNINGAR Í BÆKLINGNUM ERU BIRTAR MEÐ FYRIRVARA OG GETA TEKIÐ BREYTINGUM SVO SEM VEGNA VEIKINDA FYRIRLESARA, LÍTILLAR ÞÁTTTÖKU EÐA ANNARRA GILDRA ÁSTÆÐNA.

Það þarf að skrá sig á öll námskeiðin og eru skráningar sendar á netfang eða hringt í símanúmerið sem tilgreint er í hverri auglýsingu. Við skráningu skal tilgreina

1. námskeiðið sem sótt er um, nafn,
2. stöðuheiti,
3. kennitölu,
4. netfang og
5. nafn skóla sem starfað er í.

Það er afar mikilvægt að hafa þessar upplýsingar ef námskeið fellur niður svo hægt sé að tilkynna afboðunina. Falli námskeið niður sökum þátttökuleysis, veikinda eða annarra ástæðna er það tilkynnt í tölvupósti til leikskóla með a.m.k. sólarhrings fyrirvara. Leikskólastjóri kemur skilaboðum til þátttakenda.

Námskeiðin sem boðið er upp á í þessum bæklingi eru ætluð starfsmönnum allra leikskóla, sem reknir eru af Hafnarfjarðarbæ og heilsuleikskólanum Suðurvöllum að kostnaðarlausu. Ef námskeiðin eru ekki fullbókuð er möguleiki fyrir starfsmenn einkarekinna leikskóla, sem eru með þjónustusamnig við Hafnarfjarðarbæ að sækja þau.

Í lok hvers námskeiðs fá starfsmenn viðurkenningarskjöl en leikskólastjórar skrá nöfn og kennitölur starfsmanna sinna á skjölin og samþykkja þau síðan með undirskrift sinni.

Menntanefnd ber ábyrgð á námskeiðum í Kraganum. Þróunarfulltrúi leikskóla á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar ber ábyrgð á öðrum námskeiðum sem kynnt eru í bæklingnum. Vinnuframlag starfsfólks Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, við námskeiðahaldið, er framlag bæjarins til símenntunar starfsmanna. Starfsmenn leik- og grunnskóla sem ljá okkur lið við framkvæmdina eru sömuleiðis að leggja sitt af mörkum s.s. þegar þeir lána okkur aðstöðu sína.

Kynning á leikskólastarfi fyrir nýja leiðbeinendur - Kraganámskeið

Staður: Fannborg 2, Kópavogi.

Dagsetning: 18. september.

Tími: 08:30-11:00.

Markhópur: Nýir starfsmenn leikskóla Kragans og heilsuleikskólans Suðurvalla.

Fjöldi: Meðan húsrúm leyfir.

Umsjón: Menntanefnd Kragans.

Fyrirlesarar: Sesselja Hauksdóttir, Anna Magnea Hreinsdóttir, Sigurlaug Bjarnadóttir og Gerður Guðmundsdóttir.

Námskeiðslýsing: Fjallað verður almennt um leikskólastarf, farið í lög og reglugerðir og aðalnámskrá leikskóla. Samskipti milli starfsmanna og starfsmanna og barna og samskipti við foreldra verða líka til umræðu auk þess sem fjallað verður um leik barna á leikskólaaldri.

Skráning: Þjónustuver Kópavogs í síma 570 1500 í kjölfar sérstakrar auglýsingar sem send verður út viku fyrir námskeið.

K-PALS – pör að læra saman

Staður: Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3, 4. hæð.

Dagsetningar og tími: 23. sept. kl. 13:00-15:00
24. sept. kl. 10:00-11:30

Markhópur: Leikskólastjórar, aðstoðarleikskólastjórar, sérkennslustjórar, deildarstjórar, leikskólakennarar og aðrir starfsmenn í leikskólum Hafnarfjarðar og í heilsuleikskólanum Suðurvöllum.

Kennari/ kennarar: Gunnhildur Sæmundsdóttir leikskólafulltrúi og Steinunn Geirdal leikskólakennari.

Námskeiðslýsing: K-PALS er kennsluaðferð og þjálfunarkerfi þar sem börn kynnast stöfum og hljóðum og er undafari formlegs lestrarnáms. Einnig er K-PALS aðferð sem dýpkar málskilning og getur styrk börn við lestur og að læra aðrar námsgreinar þegar í grunnskóla er komið. Rannsóknir hafa sýnt fram á að K-PALS þjálfunin ber skjótan og varanlegan árangur og að hún tengist vel allri formlegri lestrarkennslu.

Skráning: Á netfangið á skolaskr@hafnarfjordur.is

Heilbrigði og vellíðan – með jóga og snertingu að leiðarljósi- Kraganámskeið

Staður: Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3, 4. hæð.

Dagsetning: 26. sept. 2013

Tími 08:30-11:00

Markhópur: Starfsfólk leikskóla Kragans og Heilsuleikskólans Suðurvalla.

Kennari/ kennarar: Sigurlaug Einarsdóttir leikskólastjóri og Aðalheiður Stefánsdóttir leikskólakennari

Námskeiðslýsing: Sagt verður frá áherslum um heilbrigði og vellíðan með jóga og snertingu að leiðarljósi. Kastljósinu verður beint að kennsluaðferðum kennara í Reynisholti til að nálgast viðfangsefnið. Þátttakendur fá að sjá myndband af starfinu og verkleg kennsla í að gefa sól í bakið.

Skráning: Á netfangið á skolaskr@hafnarfjordur.is

Sameiginlegur skipulagsdagur leikskóla Hafnarfjarðar Heilbrigði og velferð í tengslum við grunnþætti menntunar

Staður: Hraunvallaskóli.

Dagsetning: 30. september.

Tími: 08:15 – 09:15 og 09:30-10:30.

Markhópur: Starfsmenn leikskóla Hafnarfjarðar og heilsuleikskólans Suðurvalla.

Fjöldi: Meðan húsrúm leyfir.

Umsjón: Sigurborg Kristjánsdóttrir, þróunarfulltúi leikskóla.

Fyrirlesari: Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent við HÍ.

Námskeiðslýsing: Fjallað verður um grunnþátt menntunar um heilbrigði og velferð í tengslum við innleiðingu aðalnámskrá.

Slysavarnir og skyndihjálp leikskólabarna

Staður:	Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Linnetsstíg 3, í fundarsalnum Krosseyri á 4. hæð.
Dagsetning:	1. og 3. október.
Tími:	08:00-11:00.
Markhópur:	Starfsfólk leikskóla Kragans og heilsuleikskólans Suðurvalla.
Fjöldi:	Meðan húsrúm leyfir.
Umsjón:	Sigurborg Kristjánsdóttir, þróunarfulltrúi leikskóla.
Kennari:	Herdís Storgaard, forvarnarfulltrúi.
Námskeiðslýsing:	Tekið er mið af þeim slysum sem börn í leikskóla geta orðið fyrir þannig að starfsmenn geti brugðist við þeim fumlaust. Fjallað verður um slysavarnir leikskólabarna, viðbrögð við slysum, tilkynningar til foreldra, hvernig á að hringja í sjúkrabíl, tilkynning slysa til lögreglu og skyndihjálp.
Skráning:	Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar á netfangið skolaskr@hafnarfjordur.is



Útikennsla – Kraganámskeið

Staður: Leikskólinn Urðarhóll, Kópavogsbraut 19, Kópavogi.

Dagsetning: 8. október.

Tími: kl. 08:30-11:00.

Markhópur: Starfsfólk leikskóla Kragans og heilsuleikskólans Suðurvalla.

Fjöldi: Meðan húsrúm leyfir.

Umsjón: Menntanefnd Kragans.

Fyrirlesari: Gerður Magnúsdóttirog Ingibjörg Thomsen leikskólakennarar í heilsuleikskólanum Urðarhóli.

Námskeiðslýsing: Kynntar verða hugmyndir um útinám með leikskólabörnum. Kennarar miðla af reynslu sinni að útinámi í vinnu með kraftmikil börn og félagsfærni. Notkunarmögleikar útinámsstofunnar og uppsetning kynntar og allir fá tækifæri til þess að prufa sig við eldamennskuna. Þátttakendur fá að reyna verkefni sem tengjast málörvun og hugtakaskilningi í stærðfræði sem hægt er að nota í útinámi.

Skráning: Þjónustuver Kópavogs í síma 570 1500 í kjölfar sérstakrar auglýsingar sem send verður út viku fyrir námskeið.

Ath. ALLIR ÞÁTTTAKENDUR VERÐA AÐ VERA KLÆDDIR TIL ÚTIVERU.

MÆTING Á BÍLASTÆÐINU VIÐ LEIKSKÓLANN URÐARHÓL. ÞÁTTTAKENDUM ER BENT Á AÐ LEGGJA VIÐ VALLARGERÐISVÖLLINN (HORNIÐ Á URÐARBRAUT OG VALLARGERÐI), ÞAR SEM FÁ BÍLASTÆÐI ERU VIÐ LEIKSKÓLANN.

Hvernig er málörvunarefnið sem til er í leikskólunum notað á árangursríkan hátt?

Staður: Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3, í fundarsalnum Krosseyri á 4. hæð.

Dagsetning: Haustönn: 10. okt og 7. nóv.
Vorönn: 16. jan., 20. feb. og 27. mars.

Tími: 08:00-10:00.

Markhópur: Leikskóla-, aðstoðarleikskóla-, sérkennslu- og deildarstjórar í Hafnarfirði og Heilsuleikskólanum Suðurvöllum.

Fjöldi: Meðan húsrúm leyfir.

Umsjón: Sigurborg Kristjánsdóttrir, þróunarfulltúi leikskóla.

Fyrirlesari: Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur.

Námskeiðslýsing: Námskeiðið byggir á fræðslu um helstu málþætti og málþroskafrávik. Kennarar fá þjálfun í að flokka málörvunarefni út frá málþáttum og fræðilegum forsendum. Stefnt er að því að þátttkendur fái tækifæri til þess að koma með málörvunarefni úr sínum leikskólum og vinni með það á hagnýtan hátt út frá ákveðnu flokkunarkerfi, þannig að málörvun verði markvissari og mæti betur þörfum barna með málþroskafrávik.

Skráning: Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar á netfangið skolaskr@hafnarfjordur.is

Starfsþróun og faglegt sjálfstraust leikskólakennara

Staður:	Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3, í fundarsalnum Krosseyri á 4. hæð.
Dagsetning:	15. október.
Tími:	08:30-10:00.
Markhópur:	Leikskólakennarar í Hafnarfirði og Heilsuleikskólanum Suðurvölllum.
Fjöldi:	Meðan húsrúm leyfir.
Umsjón:	Sigurborg Kristjánsdóttir, þróunarfulltrúi leikskóla.
Fyrirlesari:	Ólafía Guðmundsdóttir, leikskólastjóri á Hlíðarbergi.
Námskeiðslýsing:	Litið hefur verið á starfsþróun leikskólakennara sem leið til að auka hæfni, styrkja faglegt sjálfstraust og starfsánægju þeirra. Í fyrirlestrinum verða kynntar niðurstöður M-Ed rannsóknar en markmið með rannsókninni var að varpa ljósi á þá þætti, sem skipta mestu máli fyrir starfsþróun leikskólakennara, og fá betri skilning á því hvernig best er að styðja leikskólakennara til faglegrar þróunar í starfi.
Skráning:	Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar á netfangið skolaskr@hafnarfjordur.is



Náttúruhreyfing - Kraganámskeið

Staður: Kaldársel.

Dagsetning: 17. október.

Tími: 08:30-11:00.

Markhópur: Starfsfólk leikskóla Kragans og Heilsuleikskólans Suðurvalla.

Fjöldi: Meðan húsrúm leyfir.

Umsjón: Menntanefnd Kragans.

Fyrirlesarar: Birna Dís Bjarnadóttir og Ásta Loftsdóttir leikskólakennarar í leikskólanum Víðivöllum í Hafnarfirði.

Námskeiðslýsing: Í Kaldárseli er stórfenglegt umhverfi með hellum, fjöllum, skógi og gjótum sem reyna á líkama og huga, hugrekki, útsjónarsemi, samvinnu og fleira. Sagt verður frá því hvernig umhverfið hvetur börn til að vera virkari í leik og starfi og veitir dýrmæta reynslu þegar þau glíma við fjölbreyttan náttúrulegan efnivið og rannsaka plöntur og dýr sem finnast í náttúrunni. Einnig verður fjallað um hvernig hreyfing úti í náttúrunni gefur börnum tækifæri til að umgangast hættur sem þar leynast og með því þurfa þau að finna á eigin skinni hversu megnum þau eru og fá tækifæri til að taka áhættu.

ÞÁTTTAKENDUM ER BENT Á AÐ KOMA KLÆDDIR EFTIR VEÐRI OG Í GÓÐUM SKÓFATNAÐI.

Skráning: Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar á netfangið skolaskr@hafnarfjordur.is

Sérkennsla - Kraganámskeið

Staður:	Listasal Mosfellsbæjar, Þverholti 2 Kjarna.
Dagsetning:	23. október.
Tími:	kl. 08:30-11:00.
Markhópur:	Kennarar Kragans og heilsuleikskólans Suðurvalla,sem vinna með börnum með frávik.
Fjöldi:	Meðan húsrúm leyfir.
Umsjón:	Menntanefnd Kragans.
Kennari:	?
Námskeiðslýsing:	Auglýst síðar
Skráning:	Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar í síma 252 6700 eða á netfangið gs@mos.is.

Læsishvetjandi umhverfi

Staður:	Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3, í fundarsalnum Krosseyri á 4. hæð.
Dagsetning:	29. október.
Tími:	08:30 - 10:00.
Markhópur:	Starfsfólk leikskóla Hafnarfjarðar og Heilsuleikskólans Suðurvalla.
Fjöldi:	Meðan húsrúm leyfir.
Umsjón:	Sigurborg Kristjánsdóttrir, þróunarfulltúi leikskóla.
Kennari:	Guðrún Björnsdóttir, sérkennslustjóri á Arnarbergi.
Námskeiðslýsing:	Leikskólinn Arnarberg er forystuskóli í læsishvetjandi umhverfi frá árinu 2009. Markmið verkefnisins var og er að gera umhverfi leikskólans læsishvetjandi og örva læsi í gegnum leik, talmál, ritmál, skapandi starf og fjölbreytta móðurmálskennslu. Sagt verður m.a. frá lestrarstundum, hvernig einstök orð og orðasambönd eru krufin til mergjar og þau innleidd í daglega málnotkun.
Skráning:	Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar á netfangið skolaskr@hafnarfjordur.is

Þróunarstarf um stjörnufræði í leikskóla Kraganámskeið

Staður: Garðaberg á Garðatorgi í Garðabæ.

Dagsetning: 31. október.

Tími: 08:30-11:00.

Markhópur: Starfsfólk leikskóla Kragans og Heilsuleikskólans Suðurvalla.

Fjöldi: Meðan húsrúm leyfir.

Umsjón: Menntanefnd Kragans.

Kennari Sverrir Guðmundsson, jarðeðlisfræðingur.

Námskeiðslýsing: Fjallað verður um þróunarstarf sem tengist stjörnufræði í leikskóla.
Verkefnið var unnið í leikskóla í Reykjavík og náði yfir níu mánuði. Á þeim tíma voru þróaðar hugmyndir fyrir starf með stjörnufræði og hún tengd við skapandi starf í leikskólanum. Hluti af verkefninu snerist um að semja og leggja mat á árangur af kennslufræðilegum leikjum um færslu sólarinnar á himninum og útlit tunglsins. Markmiðið var að vekja athygli leikskólabarna á fyrirbærum sem tengjast stjörnufræðinni í umhverfinu og byggja grunn að reynslu og skilningi á þessum fyrirbærum. Afrakstur verkefnisins eru leiðbeiningar fyrir vísindaleiki og afurðir úr skapandi starfi, svo sem teikningar, pappalíkön og stuttmynd um geiminn.

Skráning: Bæjarskrifstofa Garðbæjar í síma 525 8500 eða á netfangið guffa@gardabaer.is í kjölfar sérstakrar auglýsingar sem send verður út viku fyrir námskeið.

Málörvandi leikir og spil- Kraganámskeið

Staður: Íþróttamiðstöð Seltjarnarness við Suðurströnd í Gróttusal.

Dagsetning: 4. nóvember.

Tími: kl. 08:30-11:00.

Markhópur: Starfsfólk leikskóla Kragans og Heilsuleikskólans Suðurvalla.

Fjöldi: Meðan húsrúm leyfir.

Umsjón: Menntanefnd Kragans.

Kennari: Hrafnhildur Sigurðardóttir, fyrrverandi leikskólafulltrúi Seltjarnarness.

Námskeiðslýsing: Farið verður í hugmyndir hvernig nýta megi leiki og spil til málörvunar.

Skráning: Skólaskrifstofa Seltjarnarness í síma 5959100 eða á netfangið baldur@seltjarnarnes.is

PMT- fræðsla fyrir SMT leikskóla

Staður: Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Linnetsstíg 3, í fundarsalnum Krosseyri á 4. hæð.

Dagse: 14. nóvember.

Tími: Kl. 08:30-10:30.

Markhópur: Nýliðar í SMT- leikskólum.

Fjöldi: Meðan húsrúm leyfir.

Umsjón: Sigurborg Kristjánsdóttrir, þróunarfulltrúi leikskóla.

Kennarar: Elísa R. Ingólfsdóttir verkefnisstjóri SMT og PMT og Sigurborg Kristjánsdóttir, þróunarfulltrúi leikskóla.

Námskeiðslýsing: Fjallað verður um hugmyndafræði PMT og þróun á innleiðslu hennar í Hafnarfirði. Auk þess verður farið yfir notkun aðalverkfæra PMT og leiðum til þess að festa þau í sessi í leikskólastarfi í SMT leikskólum.

Skráning: Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar á netfangið skolaskr@hafnarfjordur.is

Persónumöppur „Mín leið“ - Kraganámskeið

Staður:	Íþróttamiðstöð Seltjarnarness við Suðurströnd í Gróttusal.
Dagsetning:	20. nóvember.
Tími:	kl. 08:30-11:00.
Markhópur:	Starfsfólk leikskóla í Kraganum.
Fjöldi:	Meðan húsrúm leyfir.
Umsjón:	Menntanefnd Kragans.
Kennari:	Soffía Þorsteinsdóttir, leikskólakennari.
Námskeiðslýsing:	Persónumöppur „Mín leið“ fjallar um persónumöppur leikskólans og þróun þeirra á þann hátt að þær segi meira um hvert barn og séreinkenni þess. Persónumöppurnar geyma einnig einstaklingsnámskrár barna ásamt viðmiðum til að meta barnið eftir.
Skráning:	Skólaskrifstofa Seltjarnarness í síma 5959100 eða á netfangi baldur@seltjarnarnes.is

Fundir forstöðumanna eldhúsa

Staður:	Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3, í fundarsalnum Krosseyri á 4. hæð.
Dagsetning:	**8. október og 19. nóvember.**
Tími:	14:00-15:00
Umsjón:	Ingibjörg Einarsdóttir, skrifstofustjóri Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.
Markmið:	Fagleg umræða um samráð, samvinnu og samhæfingu til stefnumörkunar, áætlanagerðar og upplýsingamiðlunar.

Leikskólastjórafundir

Staður: Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3, í fundarsalnum Krosseyri á 4. hæð.

Dagsetningar: **28. ágúst** **11. september** **25. september** **9. október** **23. október** **6. nóvember** **20. nóvember** **4. desember** **18. desember.**

Tími: **08:15 – 11:00.**

Markhópur: Leikskólastjórar.

Umsjón: Sigurborg Kristjánsdóttrir, þróunarfulltúi leikskóla.

Markmið: Samráð, fræðsla, samvinna og samhæfing til stefnumörkunar, áætlanagerðar og upplýsingamiðlunar.

VAKIN ER ATHYGLI Á ÞVÍ AÐ LEIKSKÓLASTJÓRUM ER SKYLT AÐ MÆTA Á FUNDI SEM STJÓRNSÝSLAN BOÐAR. EF ÞEIR HAFA EKKI TÖK Á AÐ MÆTA BER AÐ BOÐA FORFÖLL MEÐ SKÝRINGUM OG SENDA STAÐGENGIL Á FUNDINA.

Aðstoðarleikskólastjórafundir

Staður: Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3, í fundarsalnum Krosseyri á 4. hæð.

Dagsetning: **4. september** **2. október** **30. október** **27. Nóvember.**

Tími: **08:15-10:30.**

Umsjón: Sigurborg Kristjánsdóttrir, þróunarfulltúi leikskóla.

Markmið: Fagleg umræða um samráð, samvinnu og samhæfingu til stefnumörkunar, áætlanagerðar og upplýsingamiðlunar auk handleiðslu. Handleiðslan hefst að öllu jöfnu kl. 09:15 þegar fundirnir eru haldnir á Skólaskrifstofu.

Sérkennslustjórafundir

Staður: Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3, í fundarsalnum Krosseyri á 4. hæð.

Dagsetning: **21. ágúst** **18. sept.** **16. okt.** **13.nóv.** **11. des.**

Tími: 08:15-10:30.

Umsjón: Björk Alfreðsdóttir og eða Hanna Leifsdóttir, kennsluráðgjafi v/ barna með þroskafrávik.

Markmið: Fagleg umræða um samráð, samvinnu og samhæfingu til stefnumörkunar, áætlanagerðar og upplýsingamiðlunar.

BÖRN SEM FÁ AÐ LEIKA SÉR ERU BETUR Í STAKK BÚIN TIL AÐ LÆRA HAFA BETRI FÉLAGSÞROSKA, BETRI MÁLÞROSKA OG MEIRI SJÁLFSAGA